
TÓNLEIKAR

Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna



í Seltjarnarneskirkju
sunnudaginn 21. mars 2010
kl. 17:00

Einsöngvari:
Michael Jón Clarke

Stjórnandi:
Oliver Kentish

**Aðgangseyrir er kr. 2000, frítt fyrir börn,
afsláttarverð kr. 1000 fyrir nemendur og eldri borgara.**

EFNISSKRÁ:

F. Schubert: Forleikur í C-Dúr „í ítölskum stíl“, D591

J. S. Bach: Kantata BWV82 "Ich habe genug"
(Einleikur á óbó: Sverrir Guðmundsson)

- HLÉ -

W. A. Mozart: Aríur úr Brúðkaupi Fígarós:
Non più andrai
Hai già vinta la causa...

W. A. Mozart: Sinfónía nr. 38 í D-Dúr „Prag“
Adagio-Allegro
Andante
Finale (Presto)

BWV 82**Ich habe genug****1. Ária**

Ich habe genug,
Ich habe den Heiland, das Hoffen der Frommen,
Auf meine begierigen Arme genommen;
Ich habe genug!
Ich hab ihn erblickt,
Mein Glaube hat Jesum ans Herze gedrückt;
Nun wünsch ich, noch heute mit Freuden
Von hinnen zu scheiden.

2. Tónles

Ich habe genug.
Mein Trost ist nur allein,
Dass Jesus mein und ich sein eigen möchte sein.
Im Glauben halt ich ihn,
Da seh ich auch mit Simeon
Die Freude jenes Lebens schon.
Laßt uns mit diesem Manne ziehn!
Ach! möchte mich von meines Leibes Ketten
Der Herr erretten;
Ach! wäre doch mein Abschied hier,
Mit Freuden sagt ich, Welt, zu dir:
Ich habe genug.

3. Ária

Schlummert ein, ihr matten Augen,
Fallet sanft und selig zu!
Welt, ich bleibe nicht mehr hier,
Hab ich doch kein Teil an dir,
Das der Seele könnte taugen.
Hier muss ich das Elend bauen,
Aber dort, dort werd ich schauen
Süßen Friede, stille Ruh.

4. Tónles

Mein Gott! wann kömmt das schöne: Nun!
Da ich im Friede fahren werde
Und in dem Sande kühler Erde
Und dort bei dir im Schoße ruhn?
Der Abschied ist gemacht,
Welt, gute Nacht!

5. Ária

Ich freue mich auf meinen Tod,
Ach, hätt er sich schon eingefunden.
Da entkomm ich aller Not,
Die mich noch auf der Welt gebunden.

FLYTJENDUR OG VERK:



Michael Jón Clarke hefur starfað á Akureyri um 39 ára skeið sem fiðlu- og söngkennari, kór- og hljómsveitarstjóri. Hann stundaði fiðlu- og söngnám til „graduate“-prófs við Trinity tónlistarháskólann í London og framhaldsnám við háskólann í Suður-Illinois í Bandaríkjunum. Árið 1990 stundaði hann söngnám við Royal Northern College of Music hjá Ryland Davies og lauk „postgraduate“-prófi úr óperudeild skólans 1991.

Michael Jón er ötull tónlistarmaður, eftirsóttur kennari, kórstjóri og virtur einsöngvari. Hann var fyrsti kennari á Íslandi til að innleiða Suzuki- kennslu sem hann lærði hjá John Kendall í Southern Illinois University í Bandaríkjunum. Michael hefur verið fenginn til að kenna á fjöldamörgum námskeiðum í Bretlandi, Bandaríkjunum og á Íslandi. Hann stofnaði og stjórnar Sinfóníuhljómsveit Tónlistarskólans á Akureyri. Hann var fiðlu- og víóluleikari í Kammersveit Akureyrar og síðar Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, og hefur hann verið bæði meðlimur, konsertmeistari og síðan oft á tíðum einsöngvari. Michael Jón söng aðalhlutverk í uppfærslu Íslensku óperunnar á Carmína Búrana, hefur sungið fjöldamörg önnur óperuhlutverk. Hann frumflutti verk Olivers Kentish „Mitt fólk“ með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Háskólabíói undir stjórn Osmo Vänskä.

Michael Jón hefur verið einsöngvari hjá fjöldamörgum kórum. m.a. Mótettukór Hallgrímskirkju, haldið einsöngstónleika víða hér heima og erlendis og sungið inn á marga diska. Hann hefur stjórnað fjölda kóra, m.a. Kór Tónlistarskólans á Akureyri og Karlakór Akureyrar-Geysi 1985-1990 og 2004-2006. Hann var listamaður Akureyrar 1997. Michael Jón kennir nú við Tónlistarskólann á Akureyri þar sem hann er söngkennari og stjórnar sinfóníuhljómsveit skólans.

Franz Schubert samdi ókjör af tónlist á sinni stuttu ævi. Maðurinn var sískrifandi og sköpunarmátturinn ótrúlegur. Það var þó ekki heiglum hent að stunda tónsmíðar í Vínarborg á þessum árum. Samanburðurinn var óhagstæður. Á sviði sinfónískrar tónlistar bar Beethoven höfuð og herðar yfir alla og Rossini var óperukóngurinn. Schubert lagði höfuðáherslu á sönglög og er hans helst minnst fyrir þau. Eftir hann liggja þó bæði óperur og sinfóníur sem út af fyrir sig mundu halda nafni hans á lofti þó ekki kæmi annað til. Hann samdi 9 sinfóníur auk margra kafla í sinfóníur sem hann

náði ekki að ljúka við. Inn á milli sinfóníanna skrifaði hann nokkra forleiki sem oft eru fluttir út af fyrir sig og flestir búnir að gleyma hverju þeir voru forleikir að. Árið 1817, eftir að hann lauk við fimmtu sinfóníuna, samdi hann þrjá forleiki. Tveir þeirra bera eftirskriftina „í ítölskum stíl“. Ítölsk tónlist var mjög í tísku um þessar mundir og var Rossini helsti áhrifavaldurinn. Áhrif frá honum eru greinileg í forleiknum sem hér verður fluttur. Þetta er létt og gáskafull tónlist.

Johann Sebastian Bach (1685-1750) samdi margar kantötur, þ.e. tónverk í nokkrum þáttum með tónlesi á milli. Margar þeirra eru fyrir kór, einsöngvara og hljómsveit, sumar eingöngu fyrir einsöngvara og hljómsveit. Þær voru flestar samdar fyrir tiltekin tilefni svo sem kirkjuathafnir eða hátíðir. Varðveist hafa 195 kirkjulegar kantötur og allmargar um veraldleg efni. Kantatan númer BWV82 var samin í Leipzig þar sem Bach var kantor í Tómasarkirkjunni frá 1723 til dauðadags 1750. Kantorsstaðan var mikil virðingarstaða því kantorinn stýrði öllum tónlistarflutningi í höfuðkirkjum borgarinnar.



Tómasarkirkjan í Leipzig.

Kantatan var samin fyrir kirkjuhátíð 2. febrúar 1727 til að minnast hreinsunar Maríu, þegar hún færði Jesú nýfæddan í musterið í Jerúsalem og færði fórn. Ekki er þó auðvelt að sjá samhengi milli texta kantötunnar og tilefnisins. Verkið er samið fyrir bassasöngvara, óbó og strengjasveit með fylgirödd. Til er seinni útgáfa af kantötunni fyrir sópran, flautu og strengi.

Í textanum er fjallað um dauðann og þá hvíld sem hann veitir lífsþreyttum manni.



Mozart (1756-1791) frumflutti Brúðkaup Fígarós árið 1786 og stjórnaði flutningnum sitjandi við hljómborðið, eins og þá tíðkaðist. Óperan var byggð á söguþræði gamanleiks eftir Pierre Beaumarchais og skrifaði Lorenzo Da Ponte texta óperunnar. Leikritið þótti byltingarkennt, innihélt ádeilu á forrættindi aðalsins og var bannað. Þeim félögum

tókst að skrifa sig framhjá helsu ásteitingarsteinum og lagði keisarinn blessun sína yfir flutning hennar. Söguþráður óperunnar er framhald sögunnar sem segir frá í Rakaranum frá Sevilla, leikriti sem Beaumarchais hafði skrifað nokkrum árum fyrr og Rossini gerði ódauðlegt í óperu sinni (sápuóperur þess tíma?). Fígaró hyggst kvænast Súsönnu en greifinn Almaviva, vinnuveitandi þeirra, hefur augastað á henni og tefur fyrir brúðkaupinu. Fígaró, Súsanna og greifafrúin beita brögðum, afhjúpa greifann og allt fellur í ljúfa löð.

Aríurnar sem hér verða fluttar eru:

Úr 1. þætti: *Non più andrai...* Greifinn á að fara til herþjónustu en Fígaró lýsir fyrir honum hörku herþjónustunnar: Þar er ekkert kvenfólk og svalt ekki liðið.

Úr 3. þætti: *Hai già vinta la causa ...* Greifinn uppgötvar að hann hefur verið beittur brögðum og ákveður að láta krók koma á móti bragði, nefnilega að þvinga Fígaró til að giftast eldri konu, Marsellínu. Í anda gamanleiksins reynist Marsellína vera móðir hans þegar betur er að gáð.



Mynd úr fyrsta þætti Brúðkaupsins. Greifinn lítur til Sússönnu en loft er lævi blandið

Sinfónía nr. 38, Prag-sinfónían, var samin 1786 og frumflutt í Prag í janúar 1787. Brúðkaupi Fígarós var fádæma vel tekið í Vín og um veturinn var það einnig sýnt í Prag við enn meiri vinsældir. Mozart tileinkaði Prag-búum sinfóníuna nr. 38 í þakklætisskyni fyrir móttökurnar sem hann hlaut þegar hann heimsótti borgina. Sinfónían er nokkuð óvenjuleg í forminu. Hún hefst á hægum inngangi sem minnir nokkuð á sumar sinfóníur Haydns. Hún hefur aðeins þrjá kafla, hinn hefðbundni menúett er ekki með og allir kaflarnir þrír eru í sönötuformi. Tónskáldið er hér á hátindi ferils síns og sýnir hvers hann er megnugur. Sinfónían er full af fallegum stefnum og stórkostlegri úrvinnslu þeirra. Verkið er dramatískt enda er það samið á milli ópera, Brúðkaup Fígarós frumflutt árið áður og Don Giovanni handan við hornið. Meðal hljóðfæraleikara er sinfónían þekkt fyrir nýstárlega beitingu fagotta til að ná fram dramatískri spennu.

HLJÓMSVEITIN KYNNIR SIG:

Guðmundur G. Haraldsson er prófessor í efnafræði við Raunvísindadeild Háskóla Íslands og núverandi forseti deildarinnar. Hann hefur verið klarinettuleikari með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna undanfarin 15 ár. Guðmundur hóf tónlistarnám sitt 10 ára hjá Guðmundi Norðdahl við Tónlistarskóla Sandgerðis, nam síðan hjá Vilhjálm Guðjónssyni klarinettuleikara við Tónlistarskólann í Keflavík og loks Gunnari Egilson, klarinettuleikara við Tónlistarskólann í Reykjavík. Hann spilaði í Lúðrasveit Sandgerðis og Keflavíkur, m.a. undir stjórn Lárusar Sveinssonar trompetleikara, og síðan um margra ára skeið í Svaninum m.a. undir stjórn trompetleikaranna Jóns Sigurðssonar,



Rimlabandið á góðri stund.

Lárusar Sveinssonar og Sæbjörns Jónssonar. Samhliða spilamennsku með S.Á hefur Guðmundur spilað í Rimlabandinu, sem er hljómsveit þriggja prófessora við H.Í. Þeir eru, auk Guðmundar, Egill B. Hreinsson, prófessor í verkfræði og píanisti, og Páll Einarsson, prófessor í jarðeðlisfræði og kontrabassaleikari, en Páll er sellóleikari við S.Á.

Rimlabandið tengist fyrst og fremst hópi menningar- og leikfimifélaga við Háskóla Íslands. Rimlabandið

kemur einkum fram á árhátíðum og öðrum uppákomum hjá Menningarfélagi háskólans, en hefur auk þess troðið upp á fjölda árhátíða H.Í. Þess má geta að Rimlabandið hefur spilað undir færeyskum dansi í Færeyjum og það þótt vinir okkar og frændur í Færeyjum hafi aldrei tíðkað að stíga sinn dans við undirleik.



Steinar Matthías Kristinsson hóf nám á trompet þegar hann var 9 ára. Hans fyrsti kennari var Eiríkur Örn Pálsson. Hann hélt áfram námi undir leiðsögn Kára Einarssonar við Tónlistarskóla Seltjarnarness og lék með Lúðrasveit Seltjarnarness frá 1993 til 1998. Að því loknu tók við nám í Tónlistarskólanum í Reykjavík frá 1999 til 2006 og lauk hann burtfararprófi þaðan. Síðan lá leiðin til Bandaríkjanna til frekara náms í 2 ár við Boston Conservatory of Music undir

handleiðslu Steven Emery og útskrifaðist hann þaðan í maí 2008. Steinar hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Boston Conservatory Symphony Orchestra, Boston University Symphony Orchestra, Sinfóníuhljómsveit Tónlistarskóla Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, Málmbláساسveit Reykjavíkur, Lúðrasveit Verkalýðsins og öðrum tónlistarhópum. Hann hefur tekið þátt í meistaranámskeiðum hjá frægum trompetleikurum svo sem Ole Edvard Antonssen frá Noregi, Ben Wright trompetleikara Boston Sinfóníunnar og Stephen Burns. Steinar kennir nú við Tónlistarskóla Reykjaneshæjar, Tónlistarskóla Garðabæjar og Tónmenntaskóla Reykjavíkur.

Hljómsveitin er að þessu sinni þannig skipuð:

Konsertmeistari: Hildigunnur Rúnarsdóttir

1. fiðla

Hildigunnur Rúnarsdóttir
Pétur Björnsson
Fífa Jónsdóttir
Jónína Thorarensen
Anna von Heynitz

2. fiðla

Drífa Örvarsdóttir
Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Erna Másdóttir
Helga Andrésdóttir
Halla Björg Baldursdóttir
Brynildur Höskuldsdóttir

Vióla

Helga Guðrún Sigurjónsdóttir
Hanna Kaasalainen
Súsanna E. Friðriksdóttir

Selló

Páll Einarsson
Anna Jörunn Stefánsdóttir
Sverrir Teitsson

Kontrabassi

Roine Hultgren
Kjartan Guðnason

Flauta

Krísturín Helga Björnsdóttir
Berglind Stefánsdóttir

Óbó

Sverrir Guðmundsson
Guðrún Másdóttir

Klarinett

Barclay Anderson
Guðmundur G. Haraldsson

Fagott

Sigríður Kristjánsdóttir
Þórður Magnús Tryggvason

Horn

Sturlaugur Jón Björnsson
Brynjar Björnsson

Trompet

Baldvin Oddsson
Steinar Matthías Kristinsson

Pákur

Árni Áskelsson

Orgel

Douglas Brochie

Næstu tónleikar hljómsveitarinnar verða í Seltjarnarneskirkju sunnudaginn 16. maí klukkan 17. Þá flytur hljómsveitin Serenödu í Es-dúr fyrir blásara eftir Mozart, Konsert fyrir tvær flautur og strengjasveit eftir Telemann og St. Anthony-tilbrigðin eftir Brahms. Einleikarar á flautu verða Krísturín Björnsdóttir og Jón Guðmundsson og stjórnandi Oliver Kentish.

Hljómsveitin þakkar

Seltjarnarneskirkju og Sinfóníuhljómsveit Íslands
ómetanlegan stuðning.

